

Fundargerð háskólaráðs 7. júní 2016

Guðmundarstofa kl. 16.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Halla Tinna Arnardóttir fulltrúi starfsmanna, Auður H. Ingólfssdóttir fulltrúi kennara, Einar Svansson fulltrúi kennara, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Hallur Jónasson fulltrúi meistaranema og Jóhannes B. Pétursson fulltrúi grunnema.

Fjarverandi: Gauti Skúlason fulltrúi grunnema, Elís Bergur Sigurbjörnsson fulltrúi grunnema og Stefán Freyr Benónýsson fulltrúi Háskólagáttarnema

Áheyrnarfulltrúar: Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri og Ólafur Ísleifsson gæðastjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt

2. Öflun nýrra nemenda, umsóknir

Kennslustjóri kynnir að í dag eru komnar 227 umsóknir. 10. júní í fyrra voru þær um 340. Umræður um hvað valdi færri umsóknum nú en í fyrra.

3. Fjármál og samskipti við Íbúðalánasjóð

Fjármálastjóri fer yfir rekstrartölur fyrstu 4ra mánaða ársins. Verið er að skoða tiltekna liði ítarlega á næstu vikum. Að flestu leyti er áætlunin í samræmi við spá.

Gefin hefur verið út yfirlýsing af hendi skólans vegna samnings sem fyrirtækin, Selfell og Vikrafell hafa gert við sjóðinn um sölu fasteigna vegna endurfjármögnunar félaganna. Talið jákvætt skref fyrir skólann.

Fjármálastjóri yfirgefur fundinn.

4. Gæðamál

Gæðastjóri kynnir að endurskoðun á handbók Gæðaráðs háskólanna standi yfir. Á árlegum fundi skólans með fulltrúum gæðaráðsins, var farið yfir helstu atriðin, þar kom m.a. fram að umgjörð rannsókna fái meira vægi, en á eftir að móta hvernig það verður tekið út. Gagnsæi í úttektunum verður aukið. Úttektarnefndir verði í meira mæli skipaðar utanaðkomandi aðilum en var. Breytingar verði gerðar á einkunnakerfi skólanna. Árlegir fundir með skólunum munu fá aukið vægi miðað við það sem nú er.

Breytingar á reglugerð skólans – sbr. tölvupóstur sem var sendur til fulltrúa.

- Í F180 og F230 breytist „fagráð“ í deildarforseta.
- Í F115 falli niður ákvæði um kæruleiðir nemenda, sem eru ítarlega raktar í nýrri reglugerð. Lagt er til að greinar 4., 5. og 6. falli brott
- Í F250 verði eftirfarandi breytingar, þar sem „fagráð“ falli út í stað komi annars vegar „deildarforseta“ og hins vegar „kennslusviðs“:

Sækja skal um undanþágu til námsráðgjafa sem í samráði við *deildarforseta* afgreiðir beiðnina.

Vilji nemandi, sem ekki hefur staðist próf, ekki una námsmati kennara getur hann kært matið til *kennslusviðs*, sbr. 31. gr. reglugerðar skólans

Að auki bætir gæðastjóri við eftirfarandi tillögu:

- d) Skjal V22 um gæðaráð falli úr gildi 1. ágúst nk.

Allar tillögur gæðastjóra samþykktar einróma. Hann sér um kynningu á ofangreindum breytingum og frágangi skjalanna.

5. Nýtt skipurit

Rektor kynnir viðbrögð gæðaráðsins við nýju skipuriti skólans, sem var kynnt á árlegum fundi með ráðinu 20. maí sl. Segir frá framgangi fundarins og fram kemur að þeir fulltrúar sem komu á fundinn hafi verið ánægðir með gang mála innan skólans undanfarið.

6. Reglur um áfrýjunarnefnd

Gæðastjóri kynnir tillögu að nýjum reglum um áfrýjunarnefnd. Tillagan byggir á reglum um nefnd sem starfar á vegum menntamálaráðuneytis vegna áfrýjunar nemendamála til ráðuneytisins.

Breytingartillaga við 3. gr. um að skipunartími verði eitt ár í stað tveggja. Samþykkt.

7. Stefnumótun – sóknarsvið 2017 – 2020

Rektor kynnir undirbúning stefnumótunarfundar skólans 23. september nk., fer yfir einstök svið skólans og ýmis verkefni sem eru í farvatninu.

8. Erindi frá Hafsteini Sverrissyni - trúnaðarmál

Rektor kynnir erindi Hafsteins Sverrissonar sem barst 18. maí sl.

Rektor er falið að svara fyrirspyrjanda.

9. Önnur mál

- Rektor upplýsir ráðið um að ekki hafi borist viðbótargögn vegna erindis Hákon's Þórs Elmers. Háskólaráð staðfestir niðurstöðu fagráðs.
- Fyrirspurn hefur borist frá Útlendingastofnun varðandi möguleika á að skólinn leigi út húsnæði fyrir flóttamenn. Fulltrúi frá stofnuninni kemur á svæðið innan skamms til að skoða húsnæðið.
- Rektor býður fulltrúum í háskólaráði heim að loknum fundi, þar sem þetta er síðasti fundur núverandi ráðs.

Fundi slitið kl. 17.50

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir

Samþykkt á fundi háskólaráðs 28. sept. 2016.